

**Sp.**

**134. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Innan nefndarinnar hefur ekki náðst samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins. Allar tillögur um breytingar á útgjaldaliðum eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins í nefndinni hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum við einstaka liði frumvarpsins og einnig hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar, sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1964 var útbýtt á hæstvirtu Alþingi þann 14. okt. s. l., og var það fyrsta mál þingsins.

Fyrsta umræða um frumvarpið fór fram þann 22. okt., og var því vísað til fjárveitinganefndar daginn eftir. Fyrir hafði nefndin byrjað athugun sína á frumvarpinu, sem venja hefur verið, með því að bera það saman við gildandi fjárlög og ríkisreikning fyrir árið 1962.

Frá því, er nefndin hóf störf sín, hefur hún haldið 40 fundi og tekið til athugunar og afgreiðslu 435 erindi, sem til hennar höfðu borizt frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, fjöldamörgum félagasamtökum og einstaklingum. Eftir því sem tími hefur unnizt til, hefur nefndin kynnt sér greinargerðir og skýrslur opinberra stofnana varðandi fjárhagsafkomu þeirra í ár og varðandi framtíðarhorfurnar, einnig lesið yfir og kynnt sér erindi annarra aðila. Þá hafa margir forstöðumenn ríkisstofnana mætt á fundum nefndarinnar og gert henni grein fyrir tillögum sínum og óskum varðandi fjárveitingar á næsta ári.

Eins og áður hefur verið lögð á það áherzla, að afgreiðslu fjárlaganna yrði lokið fyrir áramót.

Afgreiðsla fjárlaga er eitt þýðingarmesta verkefni Alþingis hverju sinni, sem áhrif hefur á allflesta þætti þjóðlífsins. Með þeim er m. a. ákveðinn sá skerfur, sem ráðandi meiri hluti á Alþingi telur fært að leggja af mörkum til menningar- og mannúðarmála, og ákvarðanir teknar um hinar margvíslegustu framkvæmdir á sviði atvinnulífsins.

Fjárlögin bregða því upp mynd af afkomu þjóðarbúsins í heild og gefa vísendingu um styrkleika þess til þess að leysa aðsteðjandi þarfir, sem jafnan hljóta að vera margar og miklar í framfara- og menningarþjóðfélagi.

Vegna þeirrar þróunar, sem á undanförunum árum hefur ríkt í efnahagsmálum okkar Íslendinga, hafa fjárlög stöðugt farið hækkandi, fram yfir það, sem ætla mætti vegna fólksfjölgunar og aukinnar greiðslugetu atvinnuveganna.

Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkv. fjárlagafrumvarpinu um 329.2 millj. kr. Hækkun þessi stafar að verulegu leyti af ákvörðunum kjaradóms um laun opinberra starfsmanna og hinum almennu kauphækkunum, sem þegar hafa átt sér stað á árinu. Hækkunir þessar eru alkunnar, og þarf ekki að fjölyrða um þær.

Eins og breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar sýna, munu útgjalda-liðir fjárlaga næsta árs hækka verulega fram yfir það, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Eftir 2. umræðu má einnig búast við nokkurri hækkun útgjalda, þar sem afgreiðsla einstakra málaflokka biður 3. umræðu.

Við 1. umræðu frumvarpsins gerði fjármálaráðherra ýtarlega grein fyrir efni þess og breytingum frá gildandi fjárlögum. Hér á eftir verður því einungis í stuttu máli skýrt frá breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumvarpið.

#### Um 7. gr.

Greinin hækkar um 321 þús. kr. vegna nýrra lána til ríkisspítalanna, sem tekin hafa verið, eftir að frumvarpið var samið.

#### Um 10. gr.

Sendiráðið í París hækki um kr. 51 672.00 vegna launa. Tekinn er upp nýr liður: Tillag til World Food Program á vegum FAO, 215 þús. kr. Fjöldamörg ríki hafa bundið samtökum um að veita matvælahjálpi til þurfandi þjóða. Nefnd upphæð verður skerfur okkar Íslendinga.

#### Um 11. gr.

Framlag til útgáfu hæstaréttardóma hækki um 70 þús. kr. Við borgardómaraembættið í Reykjavík hækka laun um kr. 147 600.00 og sakadómaraembættið um kr. 74 400.00. Annar kostnaður við embætti sakadómara hækkar um kr. 1 300 000.00 vegna flutnings þess í annað húsnæði. Annar kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar hækki um kr. 800 000.00 vegna fenginnar reynslu. Liðurinn: Einkennisbúningar héraðsdómara hækki um kr. 75 000.00. Þá er lagt til, að sumarlöggæzla á þremur stöðum hækki samtals um kr. 45 000.00 og kostnaður við löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð hækki um kr. 25 000.00. Þá er talið óhjákvæmilegt, að framlag til rekstrar vinnuhælisins að Kviabryggju hækki um kr. 120 000.00. Vegna vanáætlaðra launa hækki embætti húsameistara ríkisins um kr. 122 040.00.

#### Um 12. gr.

Launagreiðslur á greininni hækka samtals um kr. 1 067 150.00 vegna of lágra áætlana. Yfirleitt hækka laun á 12. gr. mikið vegna niðurstöðu kjaradóms. Nú eru daggjöld á spítölum og heilsuhælum kr. 210.00 og kr. 150.00. Þar sem ákveðið hefur verið, að daggjöld skuli hækka í kr. 300.00 og kr. 200.00, breytast eftirgreindir tekjuliðir við ríkisspítalana og heilsuhælin, sem hér segir:

Tekjur Landsspítalans hækki um kr. 6 040 000.00, verði kr. 26 440 000.00, fæðingardeildar hækki um kr. 1 935 000.00, verði kr. 7 922 500.00, Vífilssstaðahælis hækki um kr. 2 000 000.00, verði kr. 8 625 000.00, Kristneshælis hækki um kr. 1 150 000.00, verði kr. 4 760 000.00, Kleppsspítala hækki um kr. 5 025 000.00, verði kr. 20 900 000.00, Kópavogshælis hækki um kr. 1 900 000.00, verði kr. 7 875 000.00. Samtals nemur þannig hækkun tekna kr. 18 050 000.00. Hækkun þessi leiðir af sér aukin útgjöld á 17. gr., og vísast til athugasemda þar um varðandi þessi atriði. Annar kostnaður við heilsuhælið á Vífilsstöðum hækki um kr. 250 000.00 vegna viðhalds. Við Kleppsspítala komi nýr liður: Til húsgagna- og áhaldakaupa kr. 1 000 000.00. Nefndin kynnti sér aðbúnað sjúklinga og starfsfólks á Kleppi og telur þessa fjárveitingu nauðsynlega til þess að bæta úr brýnustu þörfum. Þá er tekinn upp nýr liður: Til Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur, kr. 200 000.00. Vegna framkvæmda félagsins hefur það áður fengið styrki á fjárlögum.

#### Um 13. gr. A.

Tillögur varðandi fjárveitingar til vega- og brúargerða bíða 3. umræðu. Lagt er til, að styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum hækki um kr. 60 000.00. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir: Til Guðmundar Jónassonar til rekstrar snjóbíla kr. 20 000.00 og: Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði kr. 30 000.00. Sá bill verður notaður m. a. til sjúkraflutninga.

#### Um 13. gr. B.

Lagt er til, að framlag til Skipautgerðar ríkisins hækki um kr. 3 000 000.00.

#### Um 13. gr. C.

Lagt er til, að fjárveiting til vitaskips hækki um kr. 250 000.00 og liðurinn: Til áhalda um kr. 500 000.00. Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um kr. 550 000.00.

#### Um 13. gr. D.

Laun hækki um kr. 101 112.00. Er það vegna þess, að laun flugráðs féllu niður af vangá. Viðhald og varðveisla mannvirkja hækki um kr. 400 000.00 og annar kostnaður við flugumferðarstjórn um kr. 50 000.00. Alþjóðflugþjónusta hækki um kr. 189 723.00. Þá er lagt til að lækka áætlaðar tekjur af Keflavíkurflugvelli um kr. 3 000 000.00. Er stuðzt við fengna reynslu.

#### Um 13. gr. E.

Aukavinna og vaktaálag veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli hækki um kr. 117 000.00. Einnig hækki símakostnaður um kr. 258 000.00, en gleymt hafði við samningu frumvarpsins að taka tillit til hækkunar símgjalda. Gerð er tillaga um nýjan lið: Til veðurathugana á hálendi Íslands kr. 70 000.00, en þær hafa verið framkvæmdar að undanfögnu. Annar kostnaður áhaldadeildar veðurstofunnar hækki um kr. 20 000.00 og annar kostnaður jarðeðlisfræðideildar hækki um kr. 50 000.00.

#### Um 13. gr. F.

Launahækkanir á greininni eru samtals kr. 264 960.00. Stýrimannaskólinn: Til áhaldakaupa, hækkun kr. 100 000.00. Skólinn þarf nauðsynlega á nýjum radar að halda, sem greiða má á tveimur árum. Nýr liður: Til Flugbjörgunarsveitar Akureyrar kr. 50 000.00, sem ganga munu til endurnýjunar á farkosti sveitarinnar og til talstöðvakaupa.

#### Um 14. gr. A.

Laun og stundakennsla við háskólann hækka samtals um kr. 221 920.00 og fasteignagjöld um kr. 30 000.00. Liðurinn: Til sérlestrarherbergja stúdenta hækki um kr. 200 000.00 vegna kaupa á húseigninni Aragötu 9. Viðhald menntaskólans á Akureyri hækkar um kr. 200 000.00, en það er gamalt timburhús. Menntaskólinn í Reykjavík: Annar kostnaður hækki um kr. 50 000.00. Menntaskólinn á Laugarvatni,

nýr liður: Til bókasafns nemenda kr. 5000.00. Vélskólinn, nýr liður: Námsferðir kr. 3 000.00. Liðurinn: Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækki um kr. 500 000.00. Á frumvarpinu eru kr. 36 205 416.00 til byggingar skólahúsa og skólastjórabústaða í smíðum. Samkvæmt gildandi lögum er ráð fyrir því gert, að ríkissjóður greiði sinn hluta stofnkostnaðar á 5 árum. Vegna breytinga frá upphaflegum byggingaráætlunum og verðhækkana leggur nefndin til, að liðurinn verði hækkaður um kr. 5 850 058.00, svo að staðið verði við 5 ára greiðsluáætlunina. Til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða eru ætlaðar á frumvarpinu kr. 8 500 000.00, og leggur nefndin til, að sú upphæð verði lækkuð um kr. 485 000.00. Nefndin leggur til, að rekstrarliðir nokkurra skóla verði samtals hækkaðir um kr. 1 781 750.00. Er um leiðréttingu að ræða. Þá leggur nefndin til, að framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækki sem hér segir: a. Skólahús í smíðum um kr. 1 124 825.00. b. Ný skólahús um kr. 2 000 635.00. Varðandi Eiðaskóla er liðurinn til bygginga, XIII. 1. i., felldur niður, þar sem skólinn fær fé til byggingarframkvæmda af öðrum lið greinarinnar.

Gjöld samkv. 29. og 43. gr. laga um almannatryggingar hækki um kr. 950 000.00 vegna of lágrar áætlunar. Unglingafræðsla hækki um kr. 100 000.00. Húsmæðra-kennaraskólinn: Annar kostnaður hækki um kr. 15 000.00, og liðurinn: Annar kostnaður við Hjúkrunarskóla Íslands hækki um kr. 200 000.00. Til listkynningar í skólum hækki um kr. 100 000.00. Varðandi íþróttakennaraskóla ríkisins er lagt til, að liðurinn: Lagning íþróttavalla hækki um kr. 75 000.00 og Til námskeiða fyrir íþróttakennara hækki um kr. 20 000.00. Lagt er til, að framlag til íþróttasjóðs hækki um kr. 1 000 000.00. Nýr liður: Til Handknattleikssambands Íslands vegna Norðurlandamóts í úti-handknattleik kvenna kr. 50 000.00. Mótið á að halda hér á landi næsta sumar. Þá er og Skáksambandi Íslands ætluð sama upphæð vegna alþjóðlegs skákmóts hér á landi. Áhaldakaup vegna kennslu heyrnar- og málleysingja hækki um kr. 70 000.00. Styrkur til náms- eða hælisvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstígum, hækki um kr. 50 000.00. Annar kostnaður við dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn og unglinga hækki um kr. 595 000.00, þar af fara kr. 250 000.00 til kaupa á rafstöð fyrir heimilið. Styrkir til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækki um kr. 100 000.00.

#### Um 14. gr. B.

Til ljósrítunar kirkjubóka hækki um kr. 15 000.00. Við Þjóðminjasafnið hækki eftirfarandi liðir: Laun hækki um kr. 139 920.00, viðhald húss og lóðar um kr. 100 000.00 og til þjóðháttadeildar um kr. 150 000.00. Tekinn verði upp nýr liður við Listasafn Íslands: Til útgáfu myndaskrár kr. 50 000.00. Þessi liður var af vangá færður á Náttúrugripasafnið, og leiðréttist það hér með. Annar kostnaður við Listasafn ríkisins hækki um kr. 100 000.00. Kostnaður við Fræðslumyndasafn ríkisins hækki um kr. 153 080.00 og er liðnum skipt á eftirfarandi hátt: 1) Laun kr. 256 080.00. 2) Kvikmyndagerð o. fl. kr. 250 000.00. 3) Húsaleiga o. fl. kr. 102 000.00. 4) Annar kostnaður kr. 100 000.00. Samtals kr. 708 080.00. Styrkur til Fornritaútgáfunnar hækki um kr. 50 000.00. Niður falli liðurinn: Til að safna gögnum og semja rit um íslenska þjóðhætti við sjávarsiðuna samkvæmt ráðstöfun Fiskifélags Íslands. Verk þetta mun verða unnið af þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins. Til Norræna félagsins hækki um kr. 20 000.00 og til sama vegna dvalarkostnaðar nemenda frá Norðurlöndum hækki um kr. 36 000.00. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands hækki um kr. 30 000.00. Til Sambands íslenzkra esperantista til útgáfu esperanto-orðabókar hækki um kr. 15 000.00. Lagt er til, að eftirfarandi nýir liðir verði teknir upp: Til norræns móts laganema og lögfræðinga sumarið 1964 kr. 100 000.00. Styrkur vegna þátttöku í alþjóðþingi jarðfræðinga kr. 25 000.00. Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna lóðarkaupa kr. 50 000.00. Til Sambands íslenzkra stúdenta erlendis kr. 50 000.00. Til norræns móts templara á Íslandi kr. 50 000.00. Til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækki um kr. 25 000.00. Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Með þeim er ætlað að koma föstu skipulagi á styrkveitingar úr ríkis-

sjóði til tónlistarskóla. Í samræmi við lög þessi er lagt til, að liðurinn orðist svo: Til tónlistarskóla samkv. lögum kr. 1 900 000.00. Til söngfélagsins Heklu hækki um kr. 10 000.00. Listasafn Ásgríms Jónssonar hækki um kr. 25 000.00. Þá eru að lokum teknir upp nýir liðir: Til Musica Nova kr. 35 000.00. Til Einars Sturlusonar til söngkennslu kr. 10 000.00. Til Hreins Líndals til söngnáms kr. 8 000.00. Til Álfheiðar Guðmundsdóttur til söngnáms kr. 8 000.00.

#### Um 15. gr.

Lagt er til, að skrifstofukostnaður biskups hækki um kr. 36 000.00 og húsaleigu-styrkur presta um kr. 20 000.00. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækki um kr. 1 000 000.00, en viðhaldinu mun hafa verið mjög ábótavant að undanfögnu vegna fjárskorts. Ferðakostnaður umsjónarmanns með kirkjugörðum hækki um kr. 25 000.00. Teknir eru upp nýir liðir á greinina: Til eftirlitsmanns með prestssetrum, kostnaður samtals kr. 162 920.00. Starfsemi hans mun heyra undir húsameistara ríkisins. Til sjúkrahúsaprests kr. 30 000.00. Hann starfi í sjúkrahúsum í Reykjavík. Til æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti kr. 100 000.00.

#### Um 16. gr. A.

Lagt er til, að fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands hækki um kr. 500 000.00. Af vangá féllu niður á frumvarpinu laun veiðistjóra, kr. 122 040.00, sem tekin eru upp. Nýr liður: Til kaupa á holræsaplóg (fyrrri greiðsla) kr. 750 000.00. Plógurinn er keyptur frá Finnlandi og kostar með dráttarvél kr. 1 500 000.00. Notkun hans leiðir af sér mikinn sparnað við gerð djúpra skurða. Til kaupa á jarðræktarvélum hækki um kr. 250 000.00. Verkfæranefnd hækki um kr. 50 000.00. Til jarðræktar-tilrauna, rekstrarkostnaður hækki um kr. 160 000.00 og stofnkostnaður hækki um kr. 100 000.00. Þá eru gerðar tillögur um framlög til allmargra nýrra fyrirhleðslna og til landþurrkunar. Skipting á fjárveitingu til sjóvarnargarða er gerð samkv. tillögum vitamálastjóra. Lagt er til, að sandgræðsla hækki um kr. 600 000.00, og skiptist hækkunin þannig: Til sandgræðslustöðva kr. 250 000.00, til nýrra sandgræðslugirðinga kr. 250 000.00 og til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél kr. 100 000.00. Skógræktin hækkar um kr. 227 500.00. Skógræktin hefur tekjur af sölu vindlinga, sem gætu numið á þessu ári um 2 millj. kr. Áætlun hefur verið gerð um að gróðursetja 1.5 millj. nýrra plantna árlega. Veiðimálaskrifstofan: Annar kostnaður hækki um kr. 100 000.00. Hækkunin er vegna styrkveitinga til laxastiga samkv. lögum, sem greiddar eru af þessum lið. Laun við bændaskólann á Hvanneyri hækki um kr. 116 160.00, tilraunir hækki um kr. 50 000.00, ýmis annar kostnaður hækki um kr. 20 000.00, viðhald kr. 40 000.00, og enn komi nýr liður: Til bókasafns kr. 10 000.00. Framlag til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða hækkar um kr. 1 490 000.00.

#### Um 16. gr. B.

Til Fiskifélags Íslands hækki um kr. 700 000.00. Nefndin ætlast til, að verulegur hluti fjárins renni til rannsóknarstarfsemi á vegum félagsins. Fiskmatið hækki um kr. 77 400.00 vegna vanáætlaðra launa.

#### Um 16. gr. C.

5. töluliður greinarinnar: Til iðnfræðsluráðs samkvæmt lögum hækki um kr. 150 000.00. Þá hækkar framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík um kr. 1 000 000.00, til iðnskólans á Akureyri um kr. 200 000.00 og á Selfossi um kr. 43 250.00.

#### Um 16. gr. D.

Lagt er til, að framlag til jarðhitasjóðs hækki um kr. 1 000 000.00 til þess að standa straum af kostnaði við vatnsleit í Vestmannaeyjum. Tillögur varðandi nýjar raforkuframkvæmdir bíða 3. umræðu.

Um 16. gr. E.

Atvinnudeild háskólans hækkar samtals um kr. 360 760.00, þar af vegna launa kr. 260 760.00. Lagt er til að taka upp eftirfarandi nýja liði á greininni: Til uppgræðslutilrauna á hálendinu kr. 100 000.00. Til endurbóta á efnagreiningarsal kr. 1 000 000.00. Til kaupa á stimpilklukkum kr. 50 000.00. Til rannsókna á aðferðum við bættu nýtingu á íslenzku ullinni kr. 500 000.00. Endurbætur á efnagreiningarsal eru taldar óhjákvæmilegar. Framlagið til ullarrannsóknanna er tekið upp samkv. tilmælum iðnaðarmálaráðuneytisins. Gróðurkortagerð afréttarlanda hækki um kr. 50 000.00. Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur hækki um kr. 50 000.00.

Um 17. gr.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: Til skipulags miðsvæðis í Kópavogi kr. 100 000.00. Til vatnsveitna samkv. lögum hækki um kr. 500 000.00. Þá eru teknir upp eftirfarandi nýir liðir: Til vatnsöflunar fyrir Grafarbai í Skagafirði kr. 30 000.00. Til vatnsöflunar á Arnarstapa á Snæfellsnesi kr. 35 000.00. Til vatnsöflunar í Tungu-plássi og Hofúnum kr. 50 000.00. Liðurinn: Til Egilsstaðakauptúns samkv. lögum nr. 58 frá 1957 hækki um kr. 200 000.00. Féð mun ganga til skulpveituframkvæmda. Fjárveiting til Sambands íslenzkra sveitarfélaga hækki um kr. 75 000.00 vegna aukinnar starfsemi. Liðurinn: Til orlofsheimila verkalýðssamtaka hækki um kr. 525 000.00. Vegna hækkunar daggjalda úr kr. 150.00 og kr. 210.00 í kr. 200.00 og kr. 300.00 á sjúkrahúsum og heilsuhælum þarf að hækka framlag til sjúkratrygginga samkv. 55. gr. laga nr. 40/1963 um 15 millj. kr., styrk til berklasjúklinga um kr. 2 368 000.00 og styrk til sjúklinga, annarra en berklasjúklinga, um kr. 18 370 407.00. Samtals nema þessar hækkunir kr. 35 738 407.00. Vegna daggjaldahækkunarinnar hækka aftur á móti tekjur ríkisspítalanna um kr. 18 050 000.00, sbr. athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins. Vegna 15% hækkunar á bótum almannatrygginga, annarra en fjölskyldubóta, frá 1. júlí 1963 til 31. des. 1964, hækkar framlag ríkissjóðs samkvæmt 23. gr. laga nr. 40/1963 um kr. 32 700 000.00. Styrkur til Tryggva Helgasonar til sjúkraflugs hækki um kr. 25 000.00, en hann hefur á árinu aukið flugvélakost sinn. Þá eru nýir liðir til dagheimila, byggingarstyrkir, samtals kr. 250 000.00. Til Kvenréttindafélags Íslands hækki um kr. 10 000.00. Teknir verði upp nýir liðir: Til Sambands norðlenzkra kvenna vegna 50 ára afmælis kr. 25 000.00. Til Blindrafélagsins, byggingarstyrkur, kr. 150 000.00. Rauði kross Íslands hækki um kr. 155 000.00 vegna aukinnar starfsemi og væntanlegrar ráðningar starfsmanns. Félagsmálastofnunin hækki um kr. 25 000.00. Bandalag íslenzkra farfugla hækki um kr. 15 000.00 og Æskulýðssamband Íslands um kr. 35 000.00.

Um 18. gr.

Á 18. gr. er tekinn upp nýr liður: Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964, svo og uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum frá 1. júlí til 31. des. 1963, kr. 3 870 000.00. Er það gert samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytisins og leiðir af þeim launahækkunum, sem orðið hafa. Að öðru leyti bíða breytingartillögur við 18. gr. 3. umræðu.

Um 20. gr.

Afborganir lána ríkissjóðs hækki um kr. 518 000.00 vegna nýrra lána til ríkisspítalanna, sem tekin hafa verið, eftir að frumvarpið var samið. Framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana hækki um 3 millj. kr. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi hækki um kr. 200 000.00, en þar er verið að endurbæta leguskála og fyrirhuguð aukning á húsnæði fyrir starfsfólk. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja hækki um kr. 2 500 000.00. Garðyrkjuskólinn að Reykjum hækki um kr. 150 000.00. Embættisbústaðir héraðsdómara hækki um kr. 300 000.00. Sjómannaskólinn hækki um kr. 200 000.00. Íþróttakennaraskóli Íslands hækki um kr. 200 000.00. Embættisbústaðir dýralækna hækki um kr. 400 000.00. Þá eru teknir upp eftirfarandi nýir

liðir: Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri kr. 500 000.00, en hún er nú í smíðum. Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri kr. 130 000.00, en það er gert samkvæmt eindregnum tilmælum veðurstofunnar. Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði kr. 2 500 000.00. Til kaupa á eignum Ræktunarfélags Norðurlands kr. 1 500 000.00.

Um 22. gr.

Nýir liðir:

- 1) Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlinga-pakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.
- 2) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveitu-framkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- 3) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- 4) Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veður-stofu Íslands.
- 5) Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárlaga frá 1. júlí 1963.
- 6) Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé.
- 7) Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Bún-aðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- 8) Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts), gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- 9) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- 10) Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgist ríkissjóður lánið.

Um tekjuhlið frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar varðandi tekjuhlið frumvarpsins með hliðsjón af fenginni reynslu: Tekju- og eignarskattur hækki um 35 millj. kr., aðflutningsgjöld hækki um 25 millj. kr., söluskattur hækki um 15 millj. kr., gjald af bifreiðum og bifhjólum hækki um 20 millj. kr., hagnaður af áfengi og tóbaki hækki um 25 millj. kr. Verður þá hækkun tekjuáætlunarinnar alls 120 millj. kr.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hluta nefndarinnar um tekjuhlið frumvarpsins, mun niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda .....	kr. 128 224 217
÷ Lækkun gjalda .....	— 15 532 900

Hækkun gjalda alls kr. 112 691 317

Hækkun tekna .....	kr. 120 000 000
+ Greiðsluafgangur í frv. ....	— 10 813 186

Tekjuauki alls kr. 130 813 186

Niðurstöðutölur:

Inn .....	kr. 2 659 675 000
Út .....	— 2 641 553 131

Greiðsluafgangur kr. 18 121 869

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni. Ákvörðun um framlög til vega- og brúargerða bíður 3. umræðu, enn fremur framlag til nýrra raforkuframkvæmda. Þá bíður endurskoðun á 18. gr. 3. umr. að venju. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 12. des. 1963.

Jónas G. Rafnar,  
form., frsm.

Birgir Finnsson,  
fundaskr.

Guðlaugur Gíslason.

Gunnar Gíslason.

Jón Árnason.